

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/52/EB

frá 13. október 1997

um breytingu á tilskipunum 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE sem fjalla um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, um vörukaup og gerð opinberra verksamninga(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57 gr., 66. gr. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða viðskiptavíðræðnanna (1986-1994) (4), samþykkti ráðið, fyrir hönd bandalagsins, meðal annars samninginn um opinber innkaup, hér á eftir nefndur „samningurinn“, þar sem stefnt er að því að gera marghliða rammamning um jafnvæg réttindi og skyldur í opinberum innkaupum í því skyni að auka frelsi í heimsviðskiptum og efla þau. Samningurinn hefur engin bein áhrif.
- 2) Með tilskipunum 92/50/EBE (5), 93/36/EBE (6) og 93/37/EBE (7) voru reglur aðildarríkjanna um útboð

og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, um vörukaup og gerð opinberra verksamninga samræmdar til að skilyrðin til að leita eftir slíkum samningum væru hin sömu í öllum aðildarríkjunum.

- 3) Þau samningsyfirvöld, sem samningurinn tekur til og sem hlíta tilskipunum 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, og sem beita sömu ákvæðum varðandi verkataka, birgja og þjónustuveitendur frá þriðju löndum, sem undirritað hafa samninginn, uppfylla þar með ákvæði samningsins.
- 4) Með tilliti til þeirra alþjóðlegu réttinda og skuldbindinga, sem bandalaginu ber að virða eftir samþykkt samningsins, gildir það fyrirkomulag, sem skilgreint er í samningnum um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað hann, og nær gildissvið hans ekki, hvað varðar tilskipun 92/50/EBE, til þjónustusamninga sem nefndir eru í I. viðauka B við þá tilskipun, þjónustusamninga vegna rannsókna og þróunar sem nefndir eru í 8. flokki I. viðauka A við þá tilskipun, fjarskiptaþjónustusamninga sem nefndir eru í 5. flokki I. viðauka A við þá tilskipun og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, og samninga um fjármagnsþjónustu, sem nefndir eru í 6. flokki I. viðauka A við þá tilskipun, í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða yfirlærslu á verðbréfum eða öðrum fjármálaskjöllum og þjónustu seðlabanka.
- 5) Ákveðin ákvæði samningsins setja bjóðendum hagstæðari skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í tilskipunum 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE.
- 6) Þegar samningar eru gerðir af samningsyfirvöldum í skilningi samningsins skulu möguleikar á aðgangi að opinberum samningum um kaup á þjónustu, samningum um opinber vörukaup og opinberum verksamningum, sem samkvæmt sáttmálanum standa fyrirtækjum og vörum frá aðildarríkjunum til boða, vera að minnsta kosti jafn hagstæðir og möguleikar á aðgangi að opinberum samningum innan bandalagsins sem samkvæmt ákvæðum samningsins standa til boða fyrirtækjum og vörum frá þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn.
- 7) Af þessum sökum er nauðsynlegt að auka við og aðlaga ákvæði tilskipana 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 328, 28.11.1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 138, 3. 6. 1995, bls. 1.

(2) Stjtið. EB C 256, 2. 10. 1995, bls. 4 og Stjtið. EB C 212, 22. 7. 1996, bls. 13.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 29. febrúar 1996 (Stjtið. EB C 78, 18. 3. 1996, bls. 18), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 1996 (Stjtið. EB C 111, 9. 4. 1997, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 1997 (Stjtið. EB C 167, 2. 6. 1997). Ákvörðun ráðsins frá 24. júlí 1997.

(4) Stjtið. EB L 336, 23. 12. 1994, bls. 1.

(5) Tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu (Stjtið. EB L 209, 24. 7. 1992, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

(6) Tilskipun ráðsins 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup (Stjtið. EB L 199, 9. 8. 1993, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

(7) Tilskipun ráðsins 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga (Stjtið. EB L 199, 9. 8. 1993, bls. 54). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 8) Einfalda ber beitingu þessara tilskipana og leitast skal við eftir föngum að viðhalda því jafnvægi sem náðst hefur í núgildandi löggjöf bandalagsins á sviði opinberra innkaupa.
- 9) Því er nauðsynlegt að rýmka gildissvið ákveðinna breytinga á tilskipun 92/50/EBE þannig að þær nái til allrar þjónustu sem fellur undir þessa tilskipun.
- 10) Samningsyfirvöldum er heimilt að leita eftir eða þiggja leiðbeiningar sem nota má við gerð forskrifa vegna sérstakra innkaupa, að því tilskildu að slíkar leiðbeiningar séu ekki samkeppnishamlandi.
- 11) Framkvæmdastjórnin skal láta litlum og meðalstórum fyrirtækjum í té það þjálfunar- og upplýsingaefni sem þau þurfa á að halda til að geta tekið virkan þátt í breyttum markaði innkaupa.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með fyrirvara um alþjóðleg réttindi og skuldbindingar bandalagsins eftir gildistöku samningsins, þar sem skilgreint er það fyrirkomulag sem gildir um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn en núverandi gildissvið hans nær ekki, að því er varðar tilskipun 92/50/EBE, til þjónustusamninga sem nefndir eru í I. viðauka B við þá tilskipun, þjónustusamninga vegna rannsókna og þróunar sem nefndir eru í 8. flokki I. viðauka A við þá tilskipun, fjarskiptaþjónustusamninga sem nefndir eru í 5. flokki I. viðauka A við þá tilskipun og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, og fjármagnsþjónustusamninga, sem nefndir eru í 6. flokki I. viðauka A við þá tilskipun, í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða yfirfærslu á verðbréfum eða öðrum fjármálaskjölum eða þjónustu seðlabanka, er tilskipun 92/50/EBE breytt sem hér segir:

1. Í grein 7:

- a) í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. a) Tilskipun þessi gildir um:

- opinbera samninga um kaup á þjónustu sem um getur í 3. mgr. 3. gr., opinbera samninga um kaup á þjónustu sem um getur í I. viðauka B, þjónustuna í 8. flokki I. viðauka A og fjarskiptaþjónustuna í 5. flokki I. viðauka A, sem hefur CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem um getur í b-lið 1. gr., þar sem áætluð samningsfjárhæð, að frádrögnum virðisaukaskatti (VSK), er ekki undir 200 000 ekum (ECU),

- opinbera samninga, sem varða þá þjónustu sem um getur í I. viðauka A, að frátalinni þjónustunni í 8. flokki og fjarskiptaþjónustunni í 5. flokki sem hefur CPC-númerin 7524, 7525 og 7526:

- i) sem gerðir eru af þeim samningsyfirvöldum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE þar sem áætluð samningsfjárhæð, að frádrögnum virðisaukaskatti, er ekki undir jafngildi 130 000 ekna í sérstökum dráttarréttindum (SDR);
- ii) sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem talin eru upp í b-lið 1. gr., öðrum en þeim sem um getur í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE og þar sem áætluð samningsfjárhæð, að frádrögnum virðisaukaskatti, er ekki undir jafngildi 200 000 ekna í sérstökum dráttarréttindum.

- b) Fjárhæð viðmiðunarmarkna, sem mælt er fyrir um í a-lið í ekum og gjaldmiðli ríkjanna, skal að meginreglu endurskoðuð annað hvert ár frá og með 1. janúar 1996. Útreikning þessara fjárhæða skal byggja á meðaltali daggengis þessara gjaldmiðla í ekum og meðaltali daggengis ekunnar í sérstökum dráttarréttindum (SDR) á tuttugu og fjögurra mánaða tímabili sem lýkur síðasta dag síðasta ágúst mánaðar á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

Reikningsaðferðin, sem mælt er fyrir um í þessum undirlið, skal endurskoðuð, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, af ráðgjafarnefndinni um opinbera samninga, að meginreglu þegar tvö ár eru liðin frá því að henni er fyrst beitt.

- c) Þær viðmiðunarfjárhæðir í ekum sem mælt er fyrir um í a-lið og fjárhæð viðmiðunarmarkanna tiltekin í ekum og gjaldmiðlum aðildarríkjanna skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í byrjun næsta nóvember mánaðar á eftir endurskoðuninni sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein b-liðar.

2. Við útreikning áætlaðrar samningsfjárhæðar skal samningsyfirvald telja með áætlaða heildarþóknun þjónustuveitandans, að teknu tilliti til ákvæða 3. til 7. mgr.;

b) 8. mgr. falli úr gildi.

2. Í stað 1. og 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samningsyfirvöldum ber að skýra umsækjanda eða bjóðanda, sem þess óskar skriflega, frá ástæðum fyrir því að umsókn eða tilboði hans var hafnað innan 15 daga frá því að beiðni berst og bjóðanda, sem gert hefur gilt tilboð, skal skýra frá eiginleikum og hlutfallslegum kostum þess tilboðs, sem var tekið og frá nafni þess bjóðanda sem varð fyrir valinu.

Þó er samningsyfirvöldum heimilt að ákveða að tilteknum upplýsingum um samningsgerðina, sem um getur í fyrsta undirlið, verði haldið leyndum ef birting þessara upplýsinga kynni að hindra framgang laga eða ganga á annan hátt gegn hagsmunum almennings, eða skaða réttmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða í einkaeign, eða hindra heiðarlega samkeppni milli þjónustuveitenda.

2. Samningsyfirvöld skulu, svo fljótt sem auðið er láta umsækjendur og bjóðendur vita um ákvarðanir sem teknar eru um samninga, einnig ástæður þess að þau hafa ákveðið að gera ekki samning sem þegar er búið að bjóða út eða endurtaka útboðið, og skulu veita slíkar upplýsingar skriflega sé þess óskað. Þau skulu einnig tilkynna skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna um slíkar ákvarðanir.“

3. Í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„1. Grein þessi gildir um alla hönnunarsamkeppni sem efnt er til vegna samnings um kaup á þjónustu að áætluðu verðmæti, án virðisaukaskatts, ekki undir:

- viðmiðunarmarkinu sem sett er í fyrsta undirlið a-liðar 1. mgr. 7. gr. hvað varðar þjónustusamningana sem um getur í 8. flokki I. viðauka B, þjónustusamningana sem um getur í 8. flokki I. viðauka A og fjarskiptaþjónustusamningana sem um getur í 5. flokki I. viðauka A og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldunum sem talin eru upp í b-lið 1. gr., eða
- viðmiðunarmarkinu sem sett er í ii-lið annars undirliðar a-liðar 1. mgr. 7. gr. hvað varðar þjónustusamningana sem um getur í I. viðauka A að undanskildum þjónustusamningunum sem um getur í 8. flokki og fjarskiptaþjónustusamningunum, sem um getur í 5. flokki og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE, eða
- viðmiðunarmarkinu, sem sett er í ii-lið annars undirliðar a-liðar 1. mgr. 7. gr., hvað varðar þjónustusamningana sem um getur í I. viðauka A að undanskildum þjónustusamningunum sem

nefndir eru í 8. flokki og fjarskiptaþjónustusamningunum sem nefndir eru í 5. flokki og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldunum sem talin eru upp í b-lið 1. gr. öðrum en þeim sem um getur í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE.

2. Grein þessi gildir um alla hönnunarsamkeppni þar sem heildarvinningar og greiðslur til þátttakenda eru ekki undir:

- viðmiðunarmarkinu, sem sett er í fyrsta undirlið a-liðar, 1. mgr. 7. gr., hvað varðar þjónustusamningana sem um getur í I. viðauka B, þjónustusamningana sem um getur í 8. flokki I. viðauka A og fjarskiptaþjónustusamningana sem um getur í 5. flokki I. viðauka A og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldunum sem talin eru upp í b-lið 1. gr., eða
- viðmiðunarmarkinu, sem sett er í i-lið annars undirliðar a-liðar 1. mgr. 7. gr., hvað varðar þjónustusamningana sem um getur í I. viðauka A, að frátöldum þjónustusamningunum sem um getur í 8. flokki og fjarskiptaþjónustusamningunum sem um getur í 5. flokki og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE, eða
- viðmiðunarmarkinu, sem sett er í ii-lið annars undirliðar a-liðar 1. mgr. 7. gr., hvað varðar þjónustusamningana sem um getur í I. viðauka A að frátöldum þjónustusamningunum í 8. flokki og fjarskiptaþjónustusamningunum sem nefndir eru í 5. flokki og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, sem gerðir eru af samningsyfirvöldunum sem um getur í b-lið 1. gr., öðrum en þeim sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE.“

4. Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í stað frestsins til að skila tilboðum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er heimilt að setja frest sem er nægilega langur til að hægt sé að gera viðunandi tilboð og sem almennt skal ekki vera styttri en 36 dagar og aldrei styttri en 22 dagar frá sendingardegi útboðsauglýsingar hafi samningsyfirvöld sent kynningarauglýsingu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. og er í samræmi við fyrirmynd í III. viðauka A (Kynning) til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* innan minnst 52 daga og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðsauglýsingar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr., til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, að því tilskildu að kynningarauglýsingin hafi innihaldið, þar að auki, a.m.k allar þær upplýsingar sem um getur í fyrirmyndinni í III. viðauka B (Almenn útboð), og voru tiltækar á birtingardegi auglýsingarinnar.“

5. Í stað 4. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„4. Heimilt er að stytta frestinn til að skila tilboðum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., í 26 daga hafi samningsyfirvöld sent kynningarauglýsingu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. og er í samræmi við fyrirmynd í III. viðauka A, til Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna innan minnst 52 daga og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðsauglýsingar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr., til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, að því tilskildu að kynningar- auglýsingin hafi þar að auki innihaldið að minnsta kosti allar þær upplýsingar sem um getur í fyrir- myndinni í III. viðauka C (Lokuð útboð) eða, þar sem það á við, III. viðauka D (Samstarfsútboð), og voru tiltækar á birtingardegi auglýsingarinnar.“

6. Í 23. gr. skal það orðalag sem fyrir er verða 1. mgr. og eftirfarandi málsgrein bætt við:

„2. Tilboðum skal skila skriflega, annaðhvort beint eða í pósti. Aðildarríkin geta heimilað að tilboðum sé skilað með öðrum hætti svo framarlega sem hægt er að tryggja:

- að hvert tilboð innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat þess,
- að tilboðsleynd sé haldin á meðan matsgerð stendur yfir,
- að slík tilboð séu staðfest skriflega eða með staðfestu endurriti eins fljótt og auðið er þegar slíkt er nauðsynlegt vegna lagalegra sannana,
- að tilboð séu opnuð eftir að afhendingarfrestur er útrunninn.“

7. Eftirfarandi grein bætt við:

„38. gr. a

Þegar samningsyfirvöld gera samninga ber aðildarríkjunum að sjá til þess í samskiptum sínum að þátttökuskilyrði séu að minnsta kosti eins hagstæð og þau sem þriðju lönd njóta við framkvæmd samningsins um opinber innkaup sem gerður var innan ramma Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (*), hér á eftir nefndur „samningurinn“. Aðildarríkin skulu í þessu skyni hafa samráð sín á milli innan ráðgjafar- nefndarinnar um opinbera samninga um þær ráð- stafanir sem ber að gera á grundvelli samningsins.

(*) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (1986-1994) (Stjtíð. EB L 336, 23. 12. 1994, bls. 1).“

8. Í stað 39. gr. komi eftirfarandi:

„39. gr.

1. Til að hægt sé að meta árangurinn af framkvæmd þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin, eigi síðar en 31. október 1997 og upp frá því eigi síðar en 31. október ár hvert, senda framkvæmdastjórninni tölfræðiskýrslu um þá þjónustusamninga sem samningsyfirvöld gerðu árið áður.

2. Þessi skýrsla skal innihalda að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

a) hvað varðar samningsyfirvöldin sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE:

- áætlaða heildarfjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert og eru undir viðmiðunarmarkinu,
- fjölda og fjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert og eru yfir viðmiðunarmarkinu, sundurliðað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir útboðsfyrirkomulagi, flokki þjónustu samkvæmt flokkunarkerfinu sem notað er í I. viðauka og þjóðerni þjónustuveitanda sem samið er við og, þegar um samstarfsútboð er að ræða, sundurliðað í samræmi við 11. gr., þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut;

b) hvað varðar öll önnur samningsyfirvöld, sem heyra undir þessa tilskipun, fyrir hvern flokk samningsyfirvalda, fjölda og fjárhæð gerðra samninga sem eru yfir viðmiðunarmarkinu, sundurliðað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir útboðsfyrirkomulagi, flokki þjónustu samkvæmt flokkunarkerfinu sem notað er í I. viðauka og þjóðerni þjónustuveitanda sem samið er við og, þegar um samstarfsútboð er að ræða, sundurliðað í samræmi við 11. gr., þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut;

c) hvað varðar samningsyfirvöld sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE, fjölda og fjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert á grundvelli undanþágna frá samningnum. Hvað varðar öll önnur samningsyfirvöld, sem heyra undir þessa tilskipun, heildarfjárhæð gerðra samninga sem hver flokkur samningsyfirvalda hefur gert samkvæmt undanþágum frá samningnum;

d) aðrar tölfræðiupplýsingar, sem ber að ákvarða samkvæmt málsmæðferðinni sem kveðið er á um í

3. mgr. 40. gr., sem krafist er í samræmi við samninginn.

Þær tölfraediupplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessari málsgrein, skulu ekki ná til samninga um þá þjónustu sem talin er upp í 8. flokki I. viðauka A, fjarskiptaþjónustusamninganna sem taldir eru upp í 5. flokki I. viðauka A, og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, eða þjónustusamninganna sem taldir eru upp í I. viðauka B, að því tilskildu að samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti, sé undir 200 000 ekum.

3. Framkvæmdastjórnin ákveður, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 40. gr., hvers eðlis tölfraediupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt tilskipun þessari, eiga að vera.“

9. Í stað III. viðauka komi textinn í II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Tilskipun 93/36/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 5. gr.:

A) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. a) II., III. og IV. bálkur og 6. og 7. gr. gilda um opinbera vörukaupasamninga sem gerðir eru af:

i) samningsyfirvöldum sem um getur í b-lið 1. gr., þar á meðal samninga sem samningsyfirvöld, skráð í I. viðauka, gera á sviði varnarmála, svo fremi að vörurnar falli ekki undir II. viðauka, þar sem áætluð samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti er ekki undir jafngildi 200 000 ekna í sérstökum dráttarréttindum,

ii) samningsyfirvöldum sem talin eru upp í I. viðauka þar sem áætluð samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti er ekki undir jafngildi 130 000 ekna í sérstökum dráttarréttindum. Hvað samningsyfirvöld á sviði varnarmála varðar þá gildir þetta aðeins um samninga um vörur sem falla undir II. viðauka.

b) Tilskipun þessi gildir um opinbera vörukaupasamninga ef áætluð samningsfjárhæð þeirra er jöfn eða hærri en sett viðmiðunarmark á þeim tíma sem auglýsingin er birt í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

c) Fjárhæð viðmiðunarmarkanna, sem mælt er fyrir um í a-lið í ekum og gjaldmiðli ríkjanna, skal almennt endurskoðuð annað hvert ár frá og með 1. janúar 1996. Útreikning þessara fjárhæða skal byggja á meðaltali daggengis þessara gjaldmiðla í ekum og meðaltali daggengis ekunnar í sérstökum dráttarréttindum á tuttugu og fjögurra mánaða tímabili sem lýkur síðasta dag síðasta ágúst mánaðar á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

Reikningsaðferðin, sem mælt er fyrir um í þessum undirlið, skal endurskoðuð, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, af ráðgjafarnefndinni um opinbera samninga, að meginreglu þegar tvö ár eru liðin frá því að henni er fyrst beitt.

d) Þær viðmiðunarfrjárhæðir í ekum sem mælt er fyrir um í a-lið og fjárhæð viðmiðunarmarkanna tiltekin í ekum og gjaldmiðlum aðildarríkjanna skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna í byrjun þess nóvembermánaðar sem kemur á eftir endurskoðuninni sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein c-liðar.“

B) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Samningsyfirvöld skulu tryggja að hinum ýmsu birgjum sé ekki mismunað.“

2. Í stað 1. og 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samningsyfirvöldum ber að skýra umsækjanda eða bjóðanda, sem þess óskar, frá ástæðum fyrir því að umsókn eða tilboði hans var hafnað innan 15 daga frá því að beiðni berst og bjóðanda, sem gert hefur gilt tilboð, skal skýra frá eiginleikum og hlutfallslegum kostum þess tilboðs sem var tekið og frá nafni þess bjóðanda sem varð fyrir valinu.

Þó er samningsyfirvöldum heimilt að ákveða að tilteknum upplýsingum um samningsgerðina, sem um getur í fyrsta undirlið, verði haldið leyndum ef birting þessara upplýsinga kynni að hindra framgang laga eða ganga á annan hátt gegn hagsmunum almennings, eða skaða réttmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða í einkaeign, eða hindra heiðarlega samkeppni milli þjónustuveitenda.

2. Samningsyfirvöld skulu svo fljótt sem auðið er láta umsækjendur og bjóðendur vita um ákvarðanir sem teknar eru um samninga, einnig ástæður þess að þau hafa ákveðið að gera ekki samning sem þegar er búið að bjóða út eða endurtaka útboðið, og skulu veita slíkar upplýsingar skriflega sé þess óskað. Þau

skulu einnig tilkynna skrifstofu opinberrar útgáfu-
starfsemi Evrópubandalaganna um slíkar ákvarðanir.“

3. Eftirfarandi málsgrein skal felld inn í 10. gr.:

„1a. Í stað frestsins til að skila tilboðum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er heimilt að setja frest, sem er nægilega langur til að hægt sé að gera viðunandi tilboð og sem almennt skal ekki vera styttri en 36 dagar og aldrei styttri en 22 dagar frá sendingardegi kynningarauglýsingar hafi samningsyfirvöld sent kynningarauglýsingu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. og er í samræmi við fyrirmynd í IV. viðauka A (Kynning) til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* innan minnst 52 daga og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðsauglýsingar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr., til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, að því tilskildu að í kynningarauglýsingunni séu þar að auki að minnsta kosti allar þær upplýsingar sem um getur í fyrirmyndinni í IV. viðauka B (Almenn útboð) sem voru tiltækar á birtingardegi auglýsingarinnar.“

4. Eftirfarandi málsgrein skal felld inn í 11. gr.:

„3a. Heimilt er að stytta frestinn til að skila tilboðum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., í 26 daga hafi samningsyfirvöld sent kynningarauglýsingu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. og er í samræmi við fyrirmynd í IV. viðauka A, til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* innan minnst 52 daga og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðsauglýsingar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr., til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, að því tilskildu að kynningarauglýsingin hafi þar að auki innihaldið að minnsta kosti allar þær upplýsingar sem um getur í fyrirmyndinni í IV. viðauka C (Lokuð útboð) eða, þar sem það á við, IV. viðauka D (Samstarfsútboð), sem voru tiltækar á birtingardegi auglýsingarinnar.“

5. Eftirfarandi málsgrein skal bætt við 15. gr.:

„3. Tilboðum skal skila skriflega, annaðhvort beint eða í pósti. Aðildarríkin geta heimilað að tilboðum sé skilað með öðrum hætti svo framarlega sem hægt er að tryggja:

- að hvert tilboð innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat þess,
- að tilboðsleynd sé haldin á meðan matsgerð stendur yfir,
- að slík tilboð séu staðfest skriflega eða með staðfestu endurriti eins fljótt og auðið er þegar nauðsynlegt er vegna lagalegra sannana,
- að tilboð séu opnuð eftir að afhendingarfrestur er útrunninn.“

6. Í stað 29. gr. komi eftirfarandi:

„29. gr.

1. Framkvæmdastjórnin kannar beitingu þessarar tilskipunar í samráði við ráðgjafarnefnd um opinbera samninga og, ef við á, leggur fyrir ráðið nýjar tillögur einkum í því augnamiði að samhæfa ráðstafanir aðildarríkjanna vegna framkvæmdar tilskipunar þessarar.

2. Framkvæmdastjórnin endurskoðar tilskipun þessa ásamt öllum nýjum ráðstöfunum, sem kunna að verða samþykktar með skírskotun til 1. mgr., með hliðsjón af niðurstöðum frekari samningaviðræðna sem kveðið er á um í 7. mgr. XXIV. gr. vegna samningsins um opinber innkaup sem gerður var innan ramma Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (*), hér á eftir nefndur samningurinn”, og skal, gerist þess þörf, leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið.

3. Framkvæmdastjórnin uppfærir I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr., á grundvelli leiðréttinga og breytinga sem gerðar eru á honum og skal uppfærða útgáfan birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (1986-1994) (Stjtf. EB L 336, 23. 12. 1994, bls. 1).”

7. Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:

„31. gr.

1. Til að hægt sé að meta árangurinn af framkvæmd þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin, eigi síðar en 31. október 1996, og hvað varðar þau samningsyfirvöld sem ekki eru talin upp í I viðauka, eigi síðar en 31. október 1997 og upp frá því eigi síðar en 31. október ár hvert, senda framkvæmdastjórninni tölfræðiskýrslu um þá vörukaupasamninga sem samningsyfirvöld gerðu árið áður.

2. Þessi skýrsla skal innihalda að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

- a) hvað varðar samningsyfirvöldin sem talin eru upp í I. viðauka:
- áætlaða heildarfjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert og eru undir viðmiðunarmarkinu,
 - fjölda og fjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert sem eru yfir

viðmiðunarmarkinu, sundurliðað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir útboðsfyrirkomulagi, flokki vöru samkvæmt flokkunarkerfinu sem notað er í 1. mgr. 9. gr. og þjóðerni birgis sem hefur fengið samninginn og, þegar um samstarfsútboð er að ræða, sundurliðað í samræmi við 6. gr., þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut;

- b) hvað varðar öll önnur samningsyfirvöld sem heyra undir þessa tilskipun, fyrir hvern flokk samningsyfirvalda, fjölda og fjárhæð gerðra samninga sem nemur lágmarksfjárhæð eða meira, sundurliðað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir útboðsfyrirkomulagi, flokki vöru samkvæmt flokkunarkerfinu sem notað er í 1. mgr. 9 gr. og þjóðerni birgis sem hefur fengið samninginn og, þegar um samstarfsútboð er að ræða, sundurliðað í samræmi við 6. gr., þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut;
- c) hvað varðar samningsyfirvöld sem talin eru upp í I. viðauka, fjölda og fjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert samkvæmt undanþágum frá samningnum. Hvað varðar öll önnur samningsyfirvöld sem heyra undir þessa tilskipun, heildarfjárhæð gerðra samninga sem hver flokkur samningsyfirvalda hefur gert samkvæmt undanþágum frá samningnum;
- d) aðrar tölfræðiupplýsingar sem ber að ákvarða samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. mgr. 32. gr. og krafist er í samræmi við samninginn.

3. Framkvæmdastjórnin ákveður, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr., hvers eðlis tölfræðiupplýsingarnar eiga að vera sem krafist er samkvæmt tilskipun þessari."

8. Í stað I. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa tilskipun og í stað IV. viðauka komi textinn í III. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Tilskipun 93/37/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 6. gr:

A) í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Tilskipun þessi gildir um:

- a) opinbera verksamninga þar sem áætluð samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti,

er ekki undir jafngildi 5 000 000 ekna í sérstökum dráttarréttindum;

- b) opinbera verksamninga sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þar sem áætlað verðmæti, án virðisaukaskatts, er ekki minna en 5 000 000 ekur.

2. a) Fjárhæð viðmiðunarmarkanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. í ekum og gjaldmiðli ríkjanna, skal almennt endurskoðuð annað hvert ár frá og með 1. janúar 1996. Útreikning þessara fjárhæða skal byggja á meðaltali daggengis ekunnar í sérstökum dráttarréttindum og meðaltali daggengis þessara gjaldmiðla í ekum á tuttugu og fjögurra mánaða tímabili sem lýkur síðasta dag síðasta ágúst mánaðar á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

Þær viðmiðunarfjárhæðir í ekum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og fjárhæð viðmiðunarmarkanna tiltekin í ekum og gjaldmiðlum aðildarríkjanna skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í byrjun nóvembermánaðarins næst á eftir aðurnefndri endurskoðun.

- b) Reikningsaðferðin, sem mælt er fyrir um í a-lið, skal endurskoðuð, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, af ráðgjafarnefndinni um opinbera samninga, að meginreglu þegar tvö ár eru liðin frá því að henni er fyrst beitt.“;

B) eftirfarandi málgrein bætist við:

„6. Samningsyfirvöld skulu tryggja að verktökum sé ekki mismunað.“

2. Í stað 1. og 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samningsyfirvöldum ber að skýra umsækjanda eða bjóðanda, sem þess óskar skriflega, frá ástæðum fyrir því að umsókn eða tilboði hans var hafnað, innan 15 daga frá því að beiðni berst og bjóðanda, sem gert hefur gilt tilboð, skal skýrt frá einkennum og hlutfallslegum kostum þess tilboðs sem var tekið og frá nafni þess bjóðanda sem varð fyrir valinu.

Þó er samningsyfirvöldum heimilt að ákveða að tilteknum upplýsingum um samningsgerðina, sem um getur í fyrsta undirlið, verði haldið leyndum ef birting þessara upplýsinga kynni að hindra framgang laga eða ganga á annan hátt gegn hagsmunum almennings, eða skaða réttmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða í einkaeign, eða hindra heiðarlega samkeppni milli verktaka.

2. Samningsyfirvöld skulu, svo fljótt sem auðið er, láta umsækjendur og bjóðendur vita um ákvarðanir sem teknar eru um samninga, einnig ástæður þess að þau hafa ákveðið að gera ekki samning sem þegar er búið að bjóða út eða endurtaka útboðið, og skulu veita slíkar upplýsingar skriflega sé þess óskað. Þau skulu einnig tilkynna skrifstofu opinberrar útgáfu-starfsemi Evrópubandalaganna um slíkar ákvarðanir.“
3. Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Í stað frestsins til að skila tilboðum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er heimilt að setja frest, sem er nægilega langur til að hægt sé að gera viðunandi tilboð og sem almennt skal ekki vera styttri en 36 dagar og aldrei styttri en 22 dagar frá sendingardegi útboðsauglýsingar hafi samningsyfirvöld sent kynningarauglýsingu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. og er í samræmi við fyrirmynd í IV. viðauka A (Kynning), til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* innan minnst 52 daga og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðsauglýsingar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr., til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, að því tilskildu að kynningarauglýsingin hafi þar að auki innihaldið að minnsta kosti allar þær upplýsingar sem um getur í fyrirmyndinni í IV. viðauka B (Almenn útboð) sem voru tiltækar á birtingardegi auglýsingarinnar.“
4. Í stað 4. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:
- „4. Heimilt er að stytta frestinn til að skila tilboðum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., í 26 daga hafi samningsyfirvöld sent kynningarauglýsingu sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. og er í samræmi við fyrirmynd í IV. viðauka A til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* innan minnst 52 daga og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðsauglýsingar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr., til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*, að því tilskildu að kynningarauglýsingin hafi þar að auki innihaldið að minnsta kosti allar þær upplýsingar sem um getur í fyrirmyndinni í IV. viðauka C (Lokuð útboð) eða, þar sem það á við, IV. viðauka D (Samstarfsútboð), sem voru tiltækar á birtingardegi auglýsingarinnar.“
5. Í 18. gr. skal sá texti sem fyrir er verða 1. mgr. og eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „2. Tilboðum skal skila skriflega, annaðhvort beint eða í pósti. Aðildarríkin geta heimilað að tilboðum sé skilað með öðrum hætti svo framarlega sem hægt er að tryggja:
- að hvert tilboð innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat þess,
 - að tilboðsleynd sé haldin á meðan matsgerð stendur yfir,
 - að slík tilboð séu staðfest skriflega eða með staðfestu endurriti eins fljótt og auðið er þegar nauðsynlegt er vegna lagalegra sannana,
 - að tilboð séu opnuð eftir að afhendingarfrestur er útrunninn.“
6. Eftirfarandi grein bætist við:
- „33. gr. a
- Þegar samningsyfirvöld gera samninga ber aðildarríkjunum að sjá til þess í samskiptum sínum að þátttökuskilyrði séu að minnsta kosti eins hagstæð og þau sem þriðju lönd njóta við framkvæmd samningsins um opinber innkaup sem gerður var innan ramma Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (*), hér á eftir nefndur „samningurinn“. Aðildarríkin skulu í þessu skyni hafa samráð sín á milli innan ráðgjafar-nefndarinnar um opinbera samninga um þær ráðstafanir sem ber að gera á grundvelli samningsins.
- (*) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (1986-1994) (Stjtfð. EB L 336, 23. 12. 1994, bls. 1).“
7. Í stað 34. gr. komi eftirfarandi:
- „34. gr.
1. Til að hægt sé að meta árangurinn af framkvæmd þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin, eigi síðar en 31. október 1997 og upp frá því eigi síðar en 31. október ár hvert, senda framkvæmdastjórninni tölfraeðiskýrslu um þá þjónustusamninga sem samningsyfirvöld gerðu árið áður.
 2. Þessi skýrsla skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - a) hvað varðar samningsyfirvöldin sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE:
 - áætlaða heildarfjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert og eru undir viðmiðunarmarkinu,
 - fjölda og fjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald hefur gert og eru yfir viðmiðunarmarkinu, sundurliðað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir útboðsfyrirkomulagi, verkflokki samkvæmt flokkunarkerfinu sem notað er í

II. viðauka og þjóðerni verktaka sem samið er við og, þegar um samstarfsútbod er að ræða, sundurliðað í samræmi við 7. gr., þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut;

- b) hvað varðar öll önnur samningsyfirvöld sem heyra undir þessa tilskipun, fyrir hvern flokk samningsyfirvalda, fjölda og fjárhæð gerðra samninga, sem eru yfir viðmiðunarmarkinu, sundurliðað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir útbodsfyrirkomulagi, verkflokki samkvæmt flokkunarkerfinu sem notað er í II. viðauka og þjóðerni verktaka sem samið er við og, þegar um samstarfsútbod er að ræða, sundurliðað í samræmi við 7. gr., þar sem skráður er fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert aðildarríki og þriðju lönd hafa fengið í sinn hlut;
- c) hvað varðar samningsyfirvöld sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 93/36/EBE, fjöldi og fjárhæð samninga sem hvert samningsyfirvald eða flokkur samningsyfirvalda hefur gert samkvæmt undanþágum frá samningnum. Hvað varðar öll önnur samningsyfirvöld sem heyra undir þessa tilskipun, heildarfjárhæð gerðra samninga sem hver flokkur samningsyfirvalda hefur gert samkvæmt undanþágum frá samningnum;
- d) aðrar tölfræðiupplýsingar, sem ber að ákvarða samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 3. mgr. 35. gr., sem krafist er í samræmi við samninginn.
3. Framkvæmdastjórnin ákveður, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 35. gr.,

hvers eðlis tölfræðiupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt tilskipun þessari, eiga að vera.”

8. Í stað IV. viðauka komi textinn í IV. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. október 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til og samanburðartöflu milli þessarar tilskipunar og þeirra innlendu ákvæða sem samþykkt hafa verið.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. október 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. M. GIL-ROBLES

R. GOEBBELS

forseti.

forseti.

*I. VIÐAUKI**„I. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR SAMNINGSYFIRVÖLD SEM HEYRA UNDIR SAMNINGINN Í SAMRÆMI
VIÐ I. VIÐAUKA HANS****(SAMNINGSYFIRVÖLD Á VEGUM RÍKISINS)****BELGÍA****A. – L'État Fédéral:**

- Services du Premier ministre
- Ministère des affaires économiques
- Ministère des affaires étrangères, du commerce extérieur et de la Coopération au développement
- Ministère de l'agriculture
- Ministère des classes moyennes
- Ministère des communications et de l'infrastructure
- Ministère de la défense nationale ⁽¹⁾
- Ministère de l'emploi et du travail
- Ministère des finances
- Ministère de l'intérieur et de la fonction publique
- Ministère de la justice
- Ministère de la santé publique et de l'environnement
- la poste ⁽²⁾
- la Régie des bâtiments
- le Fonds des routes

B. – L'Office national de sécurité sociale

- L'Institut national d'assurances sociales pour travailleurs indépendants
- L'Institut national d'assurances maladie-invalidité
- L'Office national des pensions
- La Caisse auxiliaire d'assurance maladie-invalidité
- Le Fonds des maladies professionnelles
- L'Office national de l'emploi

⁽¹⁾ Matériel non de guerre contenu à l'annexe II.

⁽²⁾ Activiés postales visées par la loi du 24 décembre 1993.

DANMÖRK

- | | |
|---------------------------------------|--|
| 1. Folketinget | – Rigsrevisionen |
| 2. Statsministeriet | |
| 3. Udenrigsministeriet | – 2 departementer |
| 4. Arbejdsministeriet | – 5 styrelser og institutioner |
| 5. Boligministeriet | – 7 styrelser og institutioner |
| 6. Erhvervsministeriet | – 7 styrelser og institutioner |
| 7. Finansministeriet | – 3 styrelser og institutioner |
| 8. Forskningsministeriet | – 1 styrelse |
| 9. Forsvarsministeriet ⁽¹⁾ | – adskillige institutioner |
| 10. Indenrigsministeriet | – 2 styrelser |
| 11. Justitsministeriet | – 2 direktorater og adskillige politimyndigheder og domstole |
| 12. Kirkeministeriet | – 10 stiftsøvrigheder |
| 13. Kulturministeriet | – 3 institutioner samt adskillige statsejede museer og højere uddannelsesinstitutioner |
| 14. Landbrugs- og fiskeriministeriet | – 23 direktorater og institutioner |
| 15. Miljø- og energiministeriet | – 6 styrelser og Forsøgsanlægger Risø |
| 16. Skatteministeriet | – 1 styrelse |
| 17. Socialministeriet | – 4 styrelser og institutioner |
| 18. Sundhedsministeriet | – Adskillige institutioner inklusive Statens Seruminstitut |
| 19. Trafikministeriet | – 12 styrelser og institutioner |
| 20. Undervisningsministeriet | – 6 direktorater samt 12 universiteter og andre højere læreanstalter |
| 21. Økonomiministeriet | – Danmarks statistik |

(1) De i bilag II indeholdte ikke-krigslignende materialer.

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND

Skrá yfir innkaupastofnanir ríkisins

1. Auswärtiges Amt
2. Bundesministerium für Arbeit und Sozialordnung
3. Bundesministerium für Bildung und Wissenschaft
4. Bundesministerium für Ernährung, Landwirtschaft und Forsten
5. Bundesministerium der Finanzen
6. Bundesministerium für Forschung und Technologie
7. Bundesministerium des Innern (nur zivile Güter)
8. Bundesministerium für Gesundheit
9. Bundesministerium für Frauen und Jugend
10. Bundesministerium für Familie und Senioren
11. Bundesministerium der Justiz
12. Bundesministerium für Raumordnung, Bauwesen und Städtebau
13. Bundesministerium für Post und Telekommunikation ⁽¹⁾
14. Bundesministerium für Wirtschaft
15. Bundesministerium für wirtschaftliche Zusammenarbeit
16. Bundesministerium der Verteidigung ⁽¹⁾
17. Bundesministerium für Umwelt, Naturschutz und Reaktorsicherheit
18. Bundesministerium für Verkehr

Athugasemd

Samkvæmt gildandi innlendra tilhögun skulu þær stofnanir, sem hér eru skráðar, samkvæmt sérstöku reglum, gera samninga við tiltekna hópa í því skyni að bæta fyrir erfiðleika sem síðasta stríð olli.

⁽¹⁾ Mit Ausnahme von Telekommunikationsausrüstung.

SPÁNN

Skrá yfir stofnanir

1. Ministerio de Asuntos Exteriores
2. Ministerio de Justicia
3. Ministerio de Defensa ⁽¹⁾
4. Ministerio de Economía y Hacienda
5. Ministerio del Interior
6. Ministerio de Obras Públicas, Transportes y Medio Ambiente
7. Ministerio de Educación y Ciencia
8. Ministerio de Trabajo y Seguridad Social
9. Ministerio de Industria y Energía
10. Ministerio de Agricultura, Pesca y Alimentación
11. Ministerio de la Presidencia
12. Ministerio para las Administraciones Públicas
13. Ministerio de Cultura
14. Ministerio de Comercio y Turismo
15. Ministerio de Sanidad y Consumo
16. Ministerio de Asuntos Sociales

(1) Material que no sea de guerra incluido en el Anexo II.

FRAKKLAND

1. **Helstu innkaupstofnanir**A. *Budget général*

- Services du Premier ministre
- Ministère des affaires sociales, de la santé et de la ville
- Ministère de l'intérieur et de l'aménagement du territoire
- Ministère de la justice
- Ministère de la défense
- Ministère des affaires étrangères
- Ministère de l'éducation nationale
- Ministère de l'économie
- Ministère de l'industrie, des postes et télécommunications et du commerce extérieur
- Ministère de l'équipement, des transports et du tourisme
- Ministère des entreprises et du développement économique, chargé des petites et moyennes entreprises et du commerce et de l'artisanat
- Ministère du travail, de l'emploi et de la formation professionnelle
- Ministère de la culture et de la francophonie
- Ministère du budget
- Ministère de l'agriculture et de la pêche
- Ministère de l'enseignement supérieur et de la recherche
- Ministère de l'environnement
- Ministère de la fonction publique
- Ministère du logement
- Ministère de la coopération
- Ministère des départements et territoires d'outre-mer
- Ministère de la jeunesse et des sports
- Ministère de la communication
- Ministère des anciens combattants et victimes de guerre

B. *Budget annexe*

On peut notamment signaler:

- Imprimerie nationale

C. *Comptes spéciaux du Trésor*

On peut notamment signaler:

- Fonds forestier national
- Soutien financier de l'industrie cinématographique et de l'industrie des programmes audiovisuels
- Fonds national d'aménagement foncier et d'urbanisme
- Caisse autonome de la reconstruction

2. **Innlendar opinberar stjórnsýslustofnanir**

- Académie de France à Rome
- Académie de marine
- Académie des sciences d'outre-mer

- Agence centrale des organismes de sécurité sociale (ACOSS)
- Agences financières de bassins
- Agence nationale pour l'amélioration des conditions de travail (ANACT)
- Agence nationale pour l'amélioration de l'habitat (ANAH)
- Agence nationale pour l'emploi (ANPE)
- Agence nationale pour l'indemnisation des français d'outre-mer (ANIFOM)
- Assemblée permanente des chambres d'agriculture (APCA)
- Bibliothèque nationale
- Bibliothèque nationale et universitaire de Strasbourg
- Bureau d'études des postes et télécommunications d'outre-mer (BEPTOM)
- Caisse des dépôts et consignations
- Caisse nationale des allocations familiales (CNAF)
- Caisse nationale d'assurance maladie des travailleurs salariés (CNAM)
- Caisse nationale d'assurance-vieillesse des travailleurs salariés (CNAVTS)
- Caisse nationale des autoroutes (CNA)
